Upptök: Sáust ekki.

Tunga: Hæð yfir sjó: 220 m

Númer: 55111 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Hólakotsdalur. Botn dalsins.

Tími: 15.3.2019

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Útlína:** Ónákvæm **Fylgigögn:** Ljósmynd/ir.

Heimildir: Ingvar Daði Jóhannsson.

Lýsing: Stærðarfl.: 2.5

Upptök: Hæð yfir sjó: 670 m Breidd: 550 m

Brotstál upp undir fjallsbrún ofan við dalbotninn.

Tunga: Hæð yfir sjó: 450 m

Í dalbotni.

Veður: Eljagangur en hægur vindur aðfaranótt 15.3. og um morguninn.

Athugasemdir: Ingvar Daði í Engihlíð sendi mynd af flóðinu.

Númer: 20298 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Óslandshlíð og Kolbeinsdalur. Við eyðibýlið Saurbæ í Kolbeinsdal.

Tími: fornar sagnir

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 Staðs. á korti: p

Heimildir: Byggðasaga Skagafjarðar VI, 2011. Hjalti Pálsson.

Tjón: Eyðilagði fjárhús.

Athugasemdir: Jarðabók ÁM og PV segir að hætt sé fyrir snjóflóðum og þau sett menn í lífshættu.

Númer: 20259 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: 1. gil NV Þúfnagils. Líklega úr næsta gili norðan Þúfnagils.

Tími: 1880–1920

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Heimildir: Ingibjörg Ólafsdóttir.

Lýsing: Stærðarfl.: 3.5

Tunga: Hæð yfir sjó: 50 m

Í Þúfnaflóa norðan og neðan við bæjarhús í Þúfum.

Athugasemdir: Gamall maður sagði heimildarmanni frá þessu flóði, líklega hefur flóðið fallið úr 1.gili norðan við Þúfnagil.

Númer: 1226 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Óslandshlíð og Kolbeinsdalur. Eyðibýlið Bjarnastaðir í Kolbeinsdal.

Tími: 23.12.1925

Skýrslu skráði: Rúnar Óli Karlsson **Teg. skýrslu:** 5 **Útlína:** Óviss

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. 237.

Tjón: Féll yfir eyðibýlið Bjarnastaði. Hefði valdið stórslysi ef bærinn hefði verið í byggð.

Lýsing: Stærðarfl.: 3.5

Tunga: Hæð yfir sjó: 160 m

Við Kolbeinsdalsá.

Veður: Miklum snjó hlóð niður síðari hluta desember ofan á gamalt hjarn og hart.

Athugasemdir: Féll yfir eyðibýlið Bjarnastaði. Hefði valdið stórslysi ef bærinn hefði verið í byggð.

Númer: 20300 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Óslandshlíð og Kolbeinsdalur. Milli Smiðsgerðis og Sviðnings.

Tími: 23.12.1925

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 Staðs. á korti: p

Heimildir: Byggðasaga Skagafjarðar VI, 2011. Hjalti Pálsson.

Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð.

Athugasemdir: Snjóflóð féllu víða í Kolbeinsdal þessa nótt.

Númer: 1225 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Sviðningsgil

Tími: 23.12.1925, 5:00

Skráning: Teg. skýrslu: 5 **Útlína:** Óviss

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. 235–237.

Skagfirðingabók, bls. 34–44, númer=6.árg.1973. Snjóflóðið á Sviðningi Þorláksmessunótt árið 1925, eftir Kolbein Kristinsson.

Þorvaldur G Óskarsson.

Sigurður Sigurðsson.

Fólk sem lenti í flóðinu: Látnir: 3, slasaðir: 0, ómeiddir: 3. Alls: 6

Tjón: Bærinn eyðilagðist ásamt fjósi og fjárhúsum. Allar kindurnar drápust og tvær kýr en tvær kvígur sluppu úr rústunum með óskiljanlegum hætti.

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Tunga: Hæð yfir sjó: 100 m

Handan (sunnan) Kolbeinsdalsár.

Veður: Miklum snjó hlóð niður síðari hluta desember ofan á gamalt hjarn og hart.

Athugasemdir: Stórt snjóflóð féll á bæinn Sviðning og fórust þrír. Bóndi sem bjó í sömu þyrpingu bjargaði þremur úr flóðinu meðal annars vanfærri húsfreyju eftir 21 tíma í rústunum og ól hún barn 10 dögum seinna. Fjós og fjárhús eyðilögðust. Tvær kýr og 26 kindur drápust. Flóðið kom úr Sviðningsgili og Hyrnuhnjúk, flæddi mjög breitt niður og hljóp suður yfir Kolbeinsdalsá. Þar hrannaðist það upp og voru heydreifar upp á melum sunnan árinna.

Númer: 20299 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Óslandshlíð og Kolbeinsdalur. Saurbæjarhnjúkur við eyðibýlið Saurbæ í Kolbeinsdal.

Tími: 1933–1936

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Óviss

Heimildir: Byggðasaga Skagafjarðar VI, 2011. Hjalti Pálsson.

Lýsing: Stærðarfl.: 3.5

Upptök: óþekkt.

Tunga: Hæð yfir sjó: 130 m

Handan (sunnan) Kolbeinsdalsár.

Athugasemdir: Á árunum 1933 - 1936 átti Bjarni Jóhannsson, þá lítill drengur, heima í Saurbæ og segir frá stórum steini sem hann gat ekki klifrað upp á. Snjóflóð hljóp úr hnjúkunum niður norðan (vestan) við bæinn, tók steininn og flutti vestur (suður) yfir Kolbeinsdalsá.

Númer: 20260 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Úlfsskál

Tími: 1942–1948

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Heimildir: Þorvaldur G Óskarsson.

Jón Sigurðsson.

Lýsing: Stærðarfl.: 3.5

Tunga: Hæð yfir sjó: 90 m

Á flatanum neðan við girðingar.

Athugasemdir: Gríðarstór steinn færðist 15–20 metra á miðri aurkeilunni og skildi eftir sig stórt rofsár. Virkjunin í læknum sem rennur úr skálinni var byggð 1948 og telja heimildamenn flóðið hafa fallið áður.

Númer: 20297 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Óslandshlíð og Kolbeinsdalur. Við eyðibýlið Bjarnastaði í Kolbeinsdal.

Tími: 1900–2000

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Staðs. á korti:** p

Heimildir: Byggðasaga Skagafjarðar VI, 2011. Hjalti Pálsson.

Athugasemdir: Snjóflóð hafa oft fallið við Bjarnastaði.

Númer: 20262 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Úlfsskál

Tími: 1970–1975

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Heimildir: Sigurður Sigurðsson.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Tunga: Hæð yfir sjó: 120 m
Á miðri aurkeilunni.

Athugasemdir: Flóðið stöðvðist nálægt núverandi girðingu sem liggur þvert yfir aurkeiluna.

Númer: 20256 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Ausa ofan Krosshryggs. Fast norðan Krosshryggs.

Tími: 19/20.12.1973

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Heimildir: Ingibjörg Ólafsdóttir.

Tjón: Skemmdi girðingar.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Upptök: Hæð yfir sjó: 550 m
Upp undir fjallsbrún.

Tunga: Hæð yfir sjó: 55 m
Á efstu túnum.

Númer: 20257 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Ausa ofan Krosshryggs. Fast norðan Krosshryggs.

Tími: 10.2.1974

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Heimildir: Ingibjörg Ólafsdóttir.

Tjón: Skemmdi girðingar.

Lýsing: Stærðarfl.: 3.5

Upptök: Hæð yfir sjó: 550 m
Upp undir fjallsbrún.
Tunga: Hæð yfir sjó: 50 m
Langt niður á tún ofan og sunnan heimreiðar að Krossi.

Númer: 20247 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Ósland-Kross

Tími: 1975–2013

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 Staðs. á korti: p

Heimildir: Halldóra Magnúsdóttir.

Loftur Guðmundsson.

Sigmundur Jón Jóhannesson.

Lýsing: **Upptök:** Upp undir fjallsbrún.

Athugasemdir: Minni flóð og spýjur falla af og til frá fjallsbrún og ná þær lengstu niður í hlíðarfót allvíða í Óslandshlíð.

Númer: 1379 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Ósland-Kross. Nánast öll hlíðin norður að Brekkukotsgili.

Tími: 15.1.1975

Skýrslu skráði: Rúnar Óli Karlsson **Teg. skýrslu:** 5 **Útlína:** Ónákvæm

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. 383.

Ingibjörg Ólafsdóttir.

Tjón: Skemmdi girðingar. Heppilega vildi til að það var nýbúið að ná í hestana í hlíðinni. Lokaði vegi.

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Upptök: Hæð yfir sjó: 550 m

Upp við fjallsbrún.

Tunga: Hæð yfir sjó: 40 m

Meðalbreidd: 2500 m

Veður: Þann 9.janúar gerði aftaka NA-stórhrið með mikilli snjókomu sem stóð dúralaust í 5 sólahringa. Veðurhamur var gengin niður að mestu og var stillt og bjart er flóðið féll.

Athugasemdir: Risavaxið snjóflóð féll í Óslandshlíð sunnan Hofsóss í Skagafirði. Flóðið var 2,5 km á breidd og sleit niður girðingar en olli ekki frekara tjóni. Á kafla náði það niður á þjóðveg. Ingibjörg Ólafsdóttir húsfreyja á Krossi sá flóðið falla og lýsir því á eftirfarandi hátt: "Flóðið féll í sólskini upp úr hádegi en stytt hafði upp um nóttina, fjallið var mjög fallett, bólgið af snjó og sá hvergi á dökkan díl. Flóðið byrjar við fjallsbrún sunnan við Ausuna en nær ekki alveg suður að Þúfnagili. Það var eins og klippt væri með skærum norður alla fjallsbrúnina (flóðið byrjar að sunnan) alveg norður að Brekkukotsgili og var ógnvekjandi að horfa á flóðið falla. Syðst fór flóðtungan niður 100 - 200 m sunnan við Krosshrygginn og merkjagirðing milli Kross og Þúfna brotnaði. Flóðið fór yfir þjóðveginn á a.m.k. 50 m kafla, bara stutt niður fyrir, sunnan við réttina sem er sunnan heimreiðar að Krossi. Flóðið nær niður undir veg við heimreiðina að Krossi og þar fyrir norðan og er neðarlega á tünnum (ofan vegar) í Teigslandi". Ingibjörg telur sólina hafa komið flóðinu af stað.

Númer: 20265 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Úlfsskál

Tími: 1940–2013

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 Staðs. á korti: p

Heimildir: Jón Sigurðsson.

Lýsing: Stærðarfl.: 2.5

Tunga: Stutt fram á aurkeilunni undir skálinni.

Athugasemdir: Heimildamaður man eftir nokkrum flóðum sem öll hafa fallið stutt fram úr skálinni og stöðvast ofarlega á aurkeilunni.

Númer: 9084 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Óslandshlíð og Kolbeinsdalur. Kolbeinsdalur.

Tími: nóvember 1986

Skráning: **Teg. skýrslu:** 5

Tjón: Eitt lamb drapst og annað slasaðist. Þau höfðu orðið eftir í göngunum.

Veður: „Nóvember 1986 var erfiður vegna snjóa. Fyrstu vikuna var úrkoman aðallega rigning og slydda, en þ. 8. fór að snjóa fyrir alvöru og mældist úrkoma að morgni þ. 9. 23.4 mm snjór. Og mér mældist vera u.þ.b. 30 cm snjór og 40 cm næsta morgun. Reyndar var erfitt að mæla þetta nákvæmlega því það hafði skafið mikið. Síðan blotnaði í þessu tvisvar sinnum, svo að í enda mánaðarins tel ég orðið jarðlaust vegna harðfennis. Frost var alla daga, nema einn v/jörð, ekki mikið að jafnaði en mest -16°C “.

Athugasemdir: Upplýsingarnar eru fengnar af veðurfirliti frá Hólum í Hjaltadal. Ekki vitað hver höfundur er.

Númer: 20252 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Sámstaðagil. Ofan Sleitustaða í mynni Kolbeinsdals.

Tími: 1970–2013

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 Staðs. á korti: p

Heimildir: Halldór Þorleifur Ólafsson.
Sigurður Sigurðsson.

Tjón: Flóðin valda stundum girðingatjóni.

Lýsing: **Upptök:** Ofarlega í gilinu.

Athugasemdir: Snjóflóð falla nær árlega úr Sámstaðagili, eru misstór og ná stundum niður í hólana neðan við aurkeiluna undir gilinu.

Númer: 20255 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Steinkugil. Ofan við Miklabæ í Óslandshlíð.

Tími: 1970–2013

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 Staðs. á korti: p

Heimildir: Halldór Þorleifur Ólafsson.

Lýsing: Stærðarfl.: 2.5

Upptök: Hæð yfir sjó: 650 m
Ofarlega í gilinu.

Athugasemdir: Flóð hafa oft fallið hér en náð stutt fram úr gilinu, þau klovna efst á aurkeilunni og falla til beggja handa.

Númer: 20254 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Bæjargil. Ofan Stóragerðis í Óslandshlíð.

Tími: 1970–2013

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 Staðs. á korti: p

Heimildir: Halldór Þorleifur Ólafsson.

Lýsing: Stærðarfl.: 2.5

Upptök: Hæð yfir sjó: 600 m
Ofarlega í gilinu.

Athugasemdir: Flóð hafa oft fallið úr gilinu, eru misstór og hafa ekki náð nema stutt fram úr gilinu niður á aurkeiluna.

Númer: 20249 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Þúfnagil

Tími: 1970–2013

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 Staðs. á korti: p

Heimildir: Sigurmon Þórðarson.

Athugasemdir: Snjóflóð hafa alloft fallið í Þúfnagili, þau eru misstór og ná mislangt fram á aurkeiluna undir gilinu.

Númer: 20263 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Sviðningsgil

Tími: 1975–2013

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 Staðs. á korti: p

Heimildir: Þorvaldur G Óskarsson.
Sigurður Sigurðsson.

Lýsing: **Upptök:** Ofarlega í gilinu.

Tunga: Hæð yfir sjó: 150 m

Athugasemdir: Flóðin eru misstór og ná mislangt fram á keiluna undir gilinu.

Númer: 20253 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Sámsstaðagil. Ofan Sleitustaða í mynni Kolbeinsdals.

Tími: 24–26.10.1995

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Heimildir: Sigurður Sigurðsson.

Tjón: Olli talsverðu girðingatjóni.

Lýsing: Stærðarfl.: 3.5

Upptök: Líklega ofarlega í gilinu.

Tunga: Hæð yfir sjó: 80 m

Athugasemdir: Stærsta flóð sem heimildarmaður man eftir í þessum farvegi.

Númer: 20248 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Þúfnagil

Tími: 24–26.10.1995

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Heimildir: Sigurmon Þórðarson.

Tjón: Skemmdi og braut fjallgirðingu.

Lýsing: Stærðarfl.: 3.5

Upptök: Ofarlega í gilinu.

Tunga: Hæð yfir sjó: 80 m

Athugasemdir: Flóðið breiddi úr sér norðan til á aurkeilunni ofan við Þúfur, stöðvaðist 200–250 m neðan við fjallsgirðingu um 300 m ofan við bæjarhús í Þúfum og um 200 m ofan við Stóragerði.

Númer: 9251 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Óslandshlíð og Kolbeinsdalur. Mest öll hlíðin í syðsta hluta Óslandshlíðarfjalla svo og í Hnjúkunum þar fyrir sunnan var á hreyfingu. Sérstaklega svæðið frá Miklabæ og að Smiðsgerði. Þá fóru snjóflóð úr Hólabyrðu, fjöllunum í Kolbeinsdal og úr fjöllunum fram allan Hjaltadal.

Tími: 25/26.10.1995

Skráning: **Teg. skýrslu:** 5 **Fylgigögn:** Lögregluskýrsla.

Heimildir: Lögr.Sau 1995.

Þorsteinn Jóhannesson.

Athugasemdir: Vegna umfangsins var haft samband við Þorstein Jóhannesson, Siglufirði og hann skoðaði flóðin.

Númer: 20270 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Sviðningsdalur

Tími: 25/26.10.1995

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Heimildir: Þorsteinn Jóhannesson.

Lýsing: Stærðarfl.: 3.5

Upptök: Hæð yfir sjó: 850 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 110 m

Handan (sunnan) Kolbeinsdalsár.

Athugasemdir: Flóðið féll yfir Sviðningshóla og Kolbeinsdalsá. Skráning unnin upp úr gögnum frá Þorsteini Jóhannessyni, 1995.

Númer: 20269 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Hyrnugil. Næsta gil framan (SA) við Sviðningsgil.

Tími: 25/26.10.1995

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Heimildir: Þorsteinn Jóhannesson.

Lýsing: Stærðarfl.: 3.5

Upptök: Hæð yfir sjó: 830 m
Undan klettum.

Tunga: Hæð yfir sjó: 110 m
Í dalbotni.

Athugasemdir: Flóðið var þykkt og mikið. Skráning unnin upp úr gögnum frá Þorsteini Jóhannessyni, 1995.

— — — — —

Númer: 20268 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Sviðningsgil. Í Kolbeinsdal.

Tími: 25/26.10.1995

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Heimildir: Þorsteinn Jóhannesson.

Tjón: Skemmdi girðingar.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Upptök: Hæð yfir sjó: 800 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 130 m

Athugasemdir: Skráning unnin upp úr gögnum frá Þorsteini Jóhannessyni, 1995.

— — — — —

Númer: 9262 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Smiðsgerðisgil. Ásamt allri hlíð Smiðsgerðishjúks.

Tími: 26.10.1995, 2:30

Skýrslu skráði: Þorsteinn Jóhannesson **Teg. skýrslu:** 2 **Útlína:** Ónákvæm

Fylgigögn: Ljósmynd/ir. Teikning ÞJ á kort.

Heimildir: Lögr.Sau 1995.

Jón Árni Friðjónsson.

Sigurður Sigurðsson.

Þorsteinn Jóhannesson.

Halla Ingibjörg Guðmundsdóttir.

Tjón: Fjánhúshlaða úr steinsteypu brotnaði, en fjárhús neðan við hlöðuna var óbrotið. Fjögur hross lentu í flóðinu, en voru grafinn upp lifandi. Fjallgirðing brotnaði á löngum köflum. Rafmagnsspennir (hvít kúla) skammt sunnan íbúðarhúss skemmdist er girðingastaurar lentu á henni. Heyrúllustæða sunnan og ofan fjárhúsanna færðist nokkra tugi metra niður án þess að haggast að öðru leiti.

Lýsing: Stærðarfl.: 3.5 Lengd: 2000 m

Upptök: Hæð yfir sjó: 780 m Breidd: 500 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 85 m

Þykkt: Mest: 0.3 m

Meðalbreidd: 650 m

Flóðtungan mjög þunn og jaðar því ógreinilegur.

Athugasemdir: ÞJ: Halla Guðmundsdóttir bóndi taldi sig hafa vaknað við hvin frá flóðinu. Upptök sáust ekki. Flóðið var mjög þunnt í tungunni (5–30 cm). Í öðru flóði aðeins utar drápuðst fjögur hross. Spýjur voru úr öllum giljum í nágrenninu og fram fjallshlíðina inn dalinn og teiknar ÞJ alls 8 flóð í Óslandshlíðarfjöll og Kolbeinsdal.

Númer: 20267 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Steinkugil. Ofan Miklabæjar syðst í Óslandshlíð.

Tími: 25/26.10.1995

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Heimildir: Þorsteinn Jóhannesson.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Upptök: Hæð yfir sjó: 640 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 80 m

Athugasemdir: Skráning unnin upp úr gögnum frá Þorsteini Jóhannessyni, 1995.

Númer: 20266 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Bæjargil. Ofan Stóragerðis syðst í Óslandshlíð.

Tími: 25/26.10.1995

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Heimildir: Þorsteinn Jóhannesson.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Upptök: Hæð yfir sjó: 560 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 90 m

Athugasemdir: Skráning unnin upp úr gögnum frá Þorsteini Jóhannessyni, 1995.

Númer: 20250 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: 1. gil NV Þúfnagils

Tími: 16–18.1.1999

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Heimildir: Þorvaldur Ingi Guðjónsson.

Lýsing: Stærðarfl.: 3.5

Upptök: Hæð yfir sjó: 580 m

 Upp undir fjallsbrún.

Tunga: Hæð yfir sjó: 55 m

Veður: Mjög djúp lægð gekk yfir landið með NA-átt og fannfergi einkum á Norður- og Austurlandi.

Athugasemdir: Flóðið stöðvaðist 350–400 m NV við bæjarhús í Þúfum.

Númer: 9054 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Ausa ofan Krosshryggs. Ofan við bæinn Kross fast norðan Krosshryggs.

Tími: 17.1.1999

Skýrslu skráði: Leifur Örn Svavarsson **Útlína:** Ónákvæm **Fylgigögn:** Ljósmynd/ir.

Heimildir: Lögr.Sau 1999.

S.H.K. 2000. Mælingar á snjóflóðum í janúar 1999.

Ingibjörg Ólafsdóttir.

Tjón: Alls lentu 26 hross í flóðinu, 13–14 hestar grófust tveir þeirra drápu og nokkrir meiddust. Snjóflóðið lokaði vegi og hreif með sér og skemmdi rúllubagga. Lokaði vegi.

Lýsing: Stærðarfl.: 3.5

Upptök: Hæð yfir sjó: 550 m

Flóðið átti upptök við fjallsbrún.

Tunga: Hæð yfir sjó: 40 m

Meðalbreidd: 600 m

Flóðið var með mikla úthlaupslengd og fer yfir veg. Alfa horn ekki mælt.

Veður: Mjög djúp lægð gekk yfir landið með NA-átt og fannfergi einkum á Norður og Austurlandi.

Athugasemdir: Skýrsla að hluta unnin upp úr frétt í Dagblaðinu frá mánudeginum 18. janúar 1999. Þar segir frá aðkomu og björgun hestana sem grófust í flóðið.

Flóðið hreif með sér rúllubagga, þeytti þeim upp á veg og yfir hann og stoppaði á rúllubaggastæðu rétt vestan vegar um 200 m sunnan heimreiðar að Krossi.

Snjóflóð féll einnig við bæinn Þúfur þennan dag.

Númer: 20246 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Brekkukotsgil. Ofan Brekkukots.

Tími: jan-apr 1999

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Heimildir: Halldóra Magnúsdóttir.

Sigmundur Jón Jóhannesson.

Tjón: Merkjagirðing milli Brekkukots og Óslands undir gilinu brotnað á kafla og bárust staurar með flóðinu talsvert niður.

Lýsing: Stærðarfl.: 2.5

Upptök: Hæð yfir sjó: 400 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 150 m

Miðja vegu milli gilsins og túnsins ofan Brekkukots.

Athugasemdir: Flóðið féll í slæmu veðri og sást ekki fyrr en talsvert seinna á ummerkjum eftir girðinguna sem brotnað hafði. Heimildamenn telja að snjóflóð hafi fallið ofan í gilið, stíflað það og að flóðið hafi verið blandað krappa er það náði fram úr gilinu.

Númer: 20251 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Ausa ofan Krosshrygg. Fast sunnan við Krosshrygg.

Tími: 2000–2004

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Heimildir: Þorvaldur Ingi Guðjónsson.

Lýsing: Stærðarfl.: 2.5

Upptök: Hæð yfir sjó: 500 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 115 m
Á móts við neðri enda Krosshryggs.

Athugasemdir: Sjaldgjæft er að flóð falli meðfram Krosshrygg að sunnan.

Númer: 20258 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Ausa ofan Krosshryggs. Norðan Krosshryggs.

Tími: janúar 2004

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Heimildir: Ingibjörg Ólafsdóttir.

Tjón: Skemmdi girðingar.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Upptök: Hæð yfir sjó: 550 m
Upp undir fjallsbrún.

Tunga: Hæð yfir sjó: 60 m
Niður á efstu tún.

Númer: 20261 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Sviðningsgil

Tími: 2000–2012

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Óviss

Heimildir: Þorvaldur G Óskarsson.
Sigurður Sigurðsson.

Lýsing: Stærðarfl.: 3.5

Upptök: Hæð yfir sjó: 800 m
Ofarlega í gílinu.

Tunga: Hæð yfir sjó: 100 m
Sunnan Kolbeinsdalsár.

Athugasemdir: Flóðið var mjög stórt, fór yfir Kolbeinsdalsá og skyldi eftir mikið grjót á eyrinni sunnan árinna.

Númer: 9809 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Óslandshlíð og Kolbeinsdalur. Kolbeinsdalur á móts við Unadalsskarð.

Tími: 14.4.2006, 12

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Upptök: Orsök: Af manna völdum - ótilgreint. Umferð vélsleðamanna kom snjóflóðinu af stað.

Tunga: Þykkt: Meðaltal: 2 m
Meðalbreidd: 100 m
Flóðið náði talsvert niður í dalbotninn.

Númer: 50760 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Úlfsskál. Ofan Sleitustaða í mynni Kolbeinsdals.

Tími: 4.11.2012, aðfaranótt 4.11.

Skýrslu skráði: Gestur Hansson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Mæld **Fylgigögn:** Ljósmynd/ir.
GPS-mæling. Snjódyptarmæling.

Heimildir: Þorvaldur G Óskarsson. Líklegast að snjóflóðið hafi fallið aðfaranótt sunnudags en það ætti að vera hægt að hafa samband við Rarik.

Þorsteinn Sæmundsson. Mældi með GH, telur þetta stærsta stein sem snjóflóð hefur flutt á Íslandi. Gestur Hansson. Mældi flóðið 5.11.

Tjón: Flóðið féll ofan í uppistöðulón fyrir raforkuframleiðslu og eyðilagði stífluna sem var gömul hleðsla úr torfi og grjóti en styrkt með stálpili að innan. Skemmdi girðingar og töluverður grjótburður og annað jarðefni er í flóðinu, grjót u.þ.b. 70 t færðist um 300 m.

Lýsing: Stærðarfl.: 4 Lengd: 2900 m Mælt úthl.horn (α): 16°

Upptök: Hæð yfir sjó: 920 m Breidd: 980 m Mældur halli (θ): 38°

Þykkt brotlínu: Meðaltal: 2 m Mest: 3 m
Brotstál í 2 þrepum.

Tunga: Hæð yfir sjó: 75 m Mældur halli (τ): 2°

Þykkt: Meðaltal: 0.4 m Mest: 1.6 m
Meðalbreidd: 240 m Mesta breidd: 380 m Lengd: 800 m Rúmmál: 8000 m³
Töluvert inn á ræktað land.

Athugasemdir: Lengsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Flóðið hefur sjatnað u.þ.b. 50% svo rúmmál gæti hafa verið um 12000 rúmmetrar.

ÞGÓ: Langstærsta flóð úr Úlfsskál sem hann hefur séð og minnst þess þegar hann var unglingur um 1950, þá féll flóð úr Úlfsskál sem hreyfði aðeins við þessum steini en ekkert í líkingu við þetta. Smáflóð eru aftur á móti fremur algeng.

Númer: 51130 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Sviðningsgil. Í Kolbeinsdal.

Tími: 1–23.11.2012

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Óviss **Fylgigögn:** ath.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Flóðið sást í vettvangsferð 11. jan 2013.

Sveinn Brynjólfsson. Flóðið sást í vettvangsferð 11. jan 2013.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Upptök: Sáust ekki.

Tunga: Hæð yfir sjó: 150 m

Athugasemdir: Flóðið skoðað úr mikilli fjarlægð og ekki sást hve langt flóðtungan náði fram úr gilinu.

Númer: 51129 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Sámstaðagil. Ofan Sleitustaða í mynni Kolbeinsdals..

Tími: 1–23.11.2012

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Fylgigögn: Ljósmynd/ir.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Flóðið sást í vettvangsferð 11. jan 2013.

Sveinn Brynjólfsson. Flóðið sást í vettvangsferð 11. jan 2013.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Upptök: Sáust ekki.

Tunga: Hæð yfir sjó: 100 m

Flóðið stöðvaðist á aurkeilunni undir gilinu.

Númer: 51128 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Þúfnagil. Ofan við bæinn Þúfur í Óslandshlíð.

Tími: 1–23.11.2012

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Fylgigögn: Ljósmynd/ir.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Flóðið sást í vettvangsferð 11. jan 2013.

Sveinn Brynjólfsson. Flóðið sást í vettvangsferð 11. jan 2013.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Upptök: Sáust ekki.

Tunga: Hæð yfir sjó: 130 m

Flóðið náði fram á miðja aurkeiluna.

Númer: 51316 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Sámstaðagil. Ofan Sleitustaða í mynni Kolbeinsdals.

Tími: 19–21.3.2013

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Ljósmynd/ir.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Sá flóðið og myndaði 25.3.

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Upptök: Sáust ekki.

Tunga: Hæð yfir sjó: 220 m

Flóðtungan stöðvaðist neðst í gilinu og hrúgaðist þar upp.

Athugasemdir: Flóðið myndaði farveg með snjóhryggjum til beggja handa neðst.

Númer: 51315 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bæjargil. Ofan Stóragerðis syðst í Óslandshlíð.

Tími: 19–21.3.2013

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Ljósmynd/ir.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Sá og myndaði flóðið 25.3.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Upptök: Hæð yfir sjó: 660 m

Flóðið átti upptök í SA-vanga gilsins. Ógreinilegt, fremur þunnt brotstál sást upp undir brún, hafði skafið í.

Tunga: Hæð yfir sjó: 180 m

Flóðið stöðvaðist ofarlega á aurkeilunni undir gilinu, fingrast þar í þrjár megintungur og hrannast upp.

Númer: 51314 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Ósland-Kross. Milli bæjanna Óslands og Marbælis.

Tími: 19–21.3.2013

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Ljósmynd/ir.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Sá flóðið og myndaði 25.3.

Lýsing: Stærðarfl.: 2.5

Upptök: Hæð yfir sjó: 480 m

Fremur ógreinilegt, þunnt brotstál sást víða upp undir fjallsbrún á um 1 km kafla.

Tunga: Hæð yfir sjó: 180 m

Flóðtungur voru þunnar og náðu mislangt niður.

Númer: 51466 **Tegund:** Vott flekahlaup

Staðsetning: Kolbeinsdalur

Tími: 8.5.2013

Skýrslu skráði: Sveinn Brynjólfsson

Heimildir: Jökull Bergmann. Var í þyluskíðun.

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Veður: Sjá flóð 51465.

Athugasemdir: Hlíðin vestan við Chicken Sushi, féll yfir á.

Númer: 20264 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Bæjargil

Tími: 1–20.1.2014

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Ljósmynd/ir.

Heimildir: Þóra Gunnsteinsdóttir. Sá flóðið og myndaði 29. jan.

Lýsing: Stærðarfl.: 2.5

Upptök: Hæð yfir sjó: 630 m

Ógreinileg ummerki ofarlega í gílinu að austanverðu.

Tunga: Hæð yfir sjó: 140 m

Á aurkeilunni undir gílinu.

Veður: Ríkjandi A–NA áttir frá jólum og fram eftir janúar, talsverð úrkoma, snjókoma til fjalla en oft slydda eða rigning á láglendi.

Númer: 20342 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Sviðningsdalur. Neðarlega í Kolbeinsdal.

Tími: jan-mars 2014

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Sást í vettvangsferð 3. apríl.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Upptök: Í norðurvanga dalsins.

Tunga: Sást ekki.

Athugasemdir: Flóðið féll úr norðurvanga dalsins og sveigði niður í Kolbeinsdal, ekki sást hve langt flóðtungan náði.

Númer: 20341 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Smiðsgerðisgil. Í mynni Kolbeinsdals.

Tími: jan-mars 2014

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Fylgigögn: Ljósmynd/ir.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Sást í vettvangsferð 3. apríl.

Lýsing: Stærðarfl.: 2.5

Upptök: Sáust ekki.

Tunga: Hæð yfir sjó: 200 m

Athugasemdir: Flóðið var frekar mjótt og fylgdi farveginum neðan gilsins.

Númer: 20339 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Sámstaðagil. Í mynni Kolbeinsdals.

Tími: jan-mars 2014

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Fylgigögn: Ljósmynd/ir.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Sást í vettvangsferð 3. apríl.

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Upptök: Sáust ekki.

Tunga: Hæð yfir sjó: 180 m

Flóðið stöðvaðist ofarlega á aurkeilunni undir gilinu.

Númer: 20350 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Sviðningsdalur

Tími: mars 2014

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Heimildir: Jón Árni Friðjónsson.

Halla Ingibjörg Guðmundsdóttir.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Upptök: Óþekkt.

Tunga: Hæð yfir sjó: 115 m

Flóðtungan fór yfir Kolbeinsdalsá.

Athugasemdir: Flóðið var breitt og bráðnuðu síðustu leifar þess í dalbotninum í júlí.

Númer: 20340 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Úlfsskál. Í mynni Kolbeinsdals.

Tími: mars 2014

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm
Fylgigögn: Ljósmynd/ir.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Sást í vettvangsferð 3. apríl.

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Upptök: Hæð yfir sjó: 820 m
Brotstál sást ofarlega í skálinni.

Tunga: Hæð yfir sjó: 720 m
Fór ekki langt niður.

Athugasemdir: Flóðið féll ofarlega í skálinni.

Númer: 20338 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Steinkugil. Í mynni Kolbeinsdals.

Tími: 21–22.3. 2014

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Ljósmynd/ir.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Sást í vettvangsferð 3. apríl.

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Upptök: Sáust ekki.

Tunga: Hæð yfir sjó: 190 m
Efst á aurkeilunni undir gilinu.

Númer: 20336 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Ausa ofan Krosshryggs. Norðan Krosshryggs.

Tími: 21–22.3. 2014

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm
Fylgigögn: Ljósmynd/ir.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Sást í vettvangsferð 3. apríl.

Lýsing: Stærðarfl.: 2.5

Upptök: Sáust ekki.

Tunga: Hæð yfir sjó: 110 m
Við enda Krosshryggs.

Númer: 20337 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Ausa ofan Krosshryggs. Sunnan Krosshryggs.

Tími: 21–22.3. 2014

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm
Fylgigögn: Ljósmynd/ir.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Sást í vettvangsferð 3. apríl.

Tjón: Merkjagirðing að Þúfum skemmdist.

Lýsing: Stærðarfl.: 2.5

Upptök: Sáust ekki.

Tunga: Hæð yfir sjó: 100 m

Stöðvaðist nálægt næstefsta skurðinum undir fjallshlíðinni.

Athugasemdir: Flóðið féll yfir norðausturhorn girðingar, u.þ.b. að næstefsta skurði sem liggur norður - suður undir fjallshlíðinni.

Númer: 20332 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Ósland-Kross. Hlíðin milli Óslands og Marbælis.

Tími: 21–22.3. 2014

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Fylgigögn: Ljósmynd/ir.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Sást í vettvangsferð 3. apríl.

Lýsing: Stærðarfl.: 2.5

Upptök: Sáust ekki.

Tunga: Hæð yfir sjó: 220 m

Flóðið féll niður undir hlíðarfót.

Númer: 20333 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Ósland-Kross. Hlíðin milli Óslands og Marbælis.

Tími: 21–22.3. 2014

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Fylgigögn: Ljósmynd/ir.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Sást í vettvangsferð 3. apríl.

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Upptök: Sáust ekki.

Tunga: Hæð yfir sjó: 240 m

Stöðvaðist ofan við hlíðarfót.

Athugasemdir: Fremur lítið flóð.

Númer: 20334 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Ósland-Kross. Ofan Marbælis.

Tími: 21–22.3. 2014

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Fylgigögn: Ljósmynd/ir.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Sást í vettvangsferð 3. apríl.

Lýsing: Stærðarfl.: 2.5

Upptök: Sáust ekki.

Tunga: Hæð yfir sjó: 170 m

Athugasemdir: Flóðið féll á allbreiðu svæði og náðu lengstu flóðtungur niður fyrir fjallsrætur.

Númer: 20335 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Ósland-Kross. Sunnan og ofan Marbælis.

Tími: 21–22.3. 2014

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm
Fylgigögn: Ljósmynd/ir.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Sást í vettvangsferð 3. apríl.

Lýsing: Stærðarfl.: 2.5

Upptök: Sáust ekki.

Tunga: Hæð yfir sjó: 150 m
Náði niður fyrir hlíðarfót.

Athugasemdir: Fremur mjótt flóð.

Númer: 20472 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Gil milli Sámsstaðagils og Steinkugils

Tími: 15.1–15.2.2016

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Sást í vettvangsferð 24.2.

Lýsing: Stærðarfl.: 2.5

Tunga: Hæð yfir sjó: 200 m

Athugasemdir: Snjóað hafði í flóðið og útlína þess ógreinileg.

Númer: 53390 **Tegund:** Vott flekahlaup

Staðsetning: Smiðsgerðisgil

Tími: 15/16.2.2016

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm
Fylgigögn: Ljósmynd/ir.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Sá flóðið og myndaði í vettvangsferð 24.2.

Lýsing: Stærðarfl.: 2.5

Tunga: Hæð yfir sjó: 270 m

Flóðtungan allþykk á aurkeilunni um 300 m neðan við gilkaftinn.

Athugasemdir: Hugsanlega eldra flóð undir sem fallið hefur lengra niður á aurkeiluna.

Númer: 53389 **Tegund:** Vott flekahlaup

Staðsetning: Steinkugil

Tími: 15/16.2.2016

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Ljósmynd/ir.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Sá flóðið og myndaði í vettvangsferð 24.2.

Lýsing: Stærðarfl.: 2.5

Tunga: Hæð yfir sjó: 150 m

Mjó en þykk tunga talsvert langt niður fyrir gilkaftinn að sunnanverðu á aurkeilunni.

Númer: 53387 **Tegund:** Vott flekahlaup

Staðsetning: Þúfnagil

Tími: 15/16.2.2016

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Ljósmynd/ir.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Sá flóðið og myndaði í vettvangsferð 24.2.

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Tunga: Hæð yfir sjó: 200 m

Mesta breidd: 60 m

Þykk flóðtungu efst á aurkeilunni undir gilinu.

Númer: 53388 **Tegund:** Vott flekahlaup

Staðsetning: 1. gil NV Þúfnagils

Tími: 15/16.2.2016

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Fylgigögn: Ljósmynd/ir.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Sá flóðið og myndaði í vettvangsferð 24.2.

Lýsing: Stærðarfl.: 1.5

Tunga: Hæð yfir sjó: 240 m

Snjóað hafði í flóðtunguna, jaðar ógreinilegur.

Númer: 53198 **Tegund:** Vott flekahlaup

Staðsetning: Ausa ofan Krosshryggs. Fast sunnan Krosshryggs.

Tími: 15/16.2.2016

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Fylgigögn: Ljósmynd/ir.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Sást og myndað í vettvangsferð 24.2.

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Tunga: Hæð yfir sjó: 180 m

Við fjallsrætur.

Númer: 53386 **Tegund:** Vott flekahlaup

Staðsetning: Ausa ofan Krosshryggs. Ofan við Kross, fast norðan við Krosshrygg.

Tími: 15/16.2.2016

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Fylgigögn: Ljósmynd/ir.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Sá flóðið og myndaði í vettvangsferð 24.2.

Lýsing: Stærðarfl.: 2.5

Upptök: Hæð yfir sjó: 470 m

Sáust ógreinilega.

Tunga: Hæð yfir sjó: 140 m

Við fjallsrætur.

Númer: 53383 **Tegund:** Vott flekahlaup

Staðsetning: Ósland-Kross. Sunnan og ofan Marbælis.

Tími: 15/16.2.2016

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Ljósmynd/ir.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Sá flóðið og myndaði í vettvangsferð 24.2.

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Tunga: Hæð yfir sjó: 180 m
Við hlíðarfót.

Númer: 53384 **Tegund:** Vott flekahlaup

Staðsetning: Ósland-Kross. Sunnan og ofan Marbælis.

Tími: 15/16.2.2016

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm
Fylgigögn: Ljósmynd/ir.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Sá flóðið og myndaði í vettvangsferð 24.2.

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Upptök: Hæð yfir sjó: 470 m
Sáust ógreinilega.

Tunga: Hæð yfir sjó: 160 m
Við fjallsrætur.

Númer: 53385 **Tegund:** Vott flekahlaup

Staðsetning: Ósland-Kross. Milli Marbælis og Kross.

Tími: 15/16.2.2016

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm
Fylgigögn: Ljósmynd/ir.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Sá flóðið og myndaði í vettvangsferð 24.2.

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Upptök: Hæð yfir sjó: 470 m
Sáust ógreinilega.

Tunga: Hæð yfir sjó: 160 m
Við fjallsrætur.

Númer: 54735 **Tegund:** Flekahlaup

Staðsetning: Kolbeinsdalur. A-vísandi skál á miðjum Heljardal.

Tími: 8.5.2018

Skýrslu skráði: Sveinn Brynjólfsson **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Ljósmynd/ir.

Heimildir: Skafti Brynjólfsson. Sá flóðið 8.5.

Sveinn Brynjólfsson. Myndaði flóðið 8.5.

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Upptök: Hæð yfir sjó: 1060 m Breidd: 240 m

Þykkt brotlínu: Meðaltal: 0.4 m

Orsök: Sólbráð.

Í brattri hlíð upp undir klettum.

Tunga: Hæð yfir sjó: 890 m

Þykkt: Meðaltal: 0.5 m

Meðalbreidd: 150 m

Í brekkurótum í skálarbotninum.

Veður: Sól, hiti um frostmark en SV-hassviðri dagana á undan með snjókomu af og til.

Númer: 20720 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Ausa ofan Krosshryggs. Norðan Krosshryggs.

Tími: 29.11–3.12.2018

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Fylgigögn: Ljósmynd/ir.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Flóðið sást og myndað í vettvangsferð 14.12.

Lýsing: Stærðarfl.: 1.5

Upptök: Hæð yfir sjó: 500 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 250 m

Veður: Hvöss NNA átt frá aðfaranótt fimmtudags 29.11. og fram á Laugardaginn 1.12. á köflum stormur. Talsverð úrkoma um norðanvert landið og setti niður mikinn snjó á auða jörð í byggð.

Númer: 54977 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bæjargil. Ofan Miklabæjar.

Tími: 9/10.2.2019

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Útlína:** Ónákvæm **Fylgigögn:** Ljósmynd/ir.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Sá flóðið og myndaði 13.2.

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Tunga: Hæð yfir sjó: 200 m

Númer: 54975 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Ósland-Kross. Sunnan og ofan Marbælis.

Tími: 9/10.2.2019

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Útlína:** Ónákvæm **Fylgigögn:** Ljósmynd/ir.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Sá flóðið og myndaði 13.2.

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Upptök: Líklega upp undir fjallsbrún.

Tunga: Hæð yfir sjó: 170 m

Við brekkurætur.

Númer: 55222 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Kolbeinsdalur. Botn Skíðadals að sunnan.

Tími: mars/apríl 2019

Skýrslu skráði: Sveinn Brynjólfsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm
Fylgigögn: Ljósmynd/ir.

Heimildir: Skafti Brynjólfsson. Sá flóðið 10.4.
Sveinn Brynjólfsson. Myndaði flóðið 10.4.

Lýsing: Stærðarfl.: 2.5

Upptök: Hæð yfir sjó: 1100 m

Tunga: Þykkt: Meðaltal: 1.5 m

Veður: Líklega SV-áttir sem hafa byggt upp þennan vindfleka.

Athugasemdir: Tveir myndarlegir flekar féllu undan klettum, nokkuð hátt brotstál enda þykk tunga.

Númer: 20721 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Árfjall

Tími: Fyrir 1709

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 Staðs. á korti: p

Heimildir: Byggðasaga Skagafjarðar VII, 2014. Hjalti Pálsson, bls. 300.

Athugasemdir: Um landkosti jarðarinnar Ár segir Í JMÁ 1709 m.a. Eingið fordjarfar snjóflóð og skrið-
ur. Hætt er kvikfé fyrir tjörn þeirri er snjóflóð hefur gjört". Líklegt er að hér sé verið að lýsa
ummerkjum eftir stór snjóflóð.

Númer: 20209 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Unadalur. Unadalsafréttur.

Tími: desember 1836

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Snjóflóð í fornum annálum, bls. 20.

Tjón: Tók 5 hross.

Númer: 20208 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Unadalur. Við eyðibýlið Grundarland.

Tími: desember 1929

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Heimildir: Skagfirzkur annáll 1847 - 1947, bls. 450.

Tjón: Braut niður fjárhús með 36 kindum og 2 trippum, 25 kindur drápu, 11 lifðu sumar meiddar og
allar hraktar.

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Upptök: Ekki vitað.

Tunga: Hæð yfir sjó: 110 m
Skammt handan (sunnan) Unadalsár.

Veður: Stórhrið og harðfenni undir.

Athugasemdir: Sveinn Sigmundsson bóndi átti erfiðar draumfarir óveðursnóttina, var í honum mikill óhugur, hafði sig ekki á fætur fyrr en um hádegi og hélt þá til gegninga út í hríðina. Var skammt kominn er fyrir honum varð mikil snjódyngja, hafði snjóflóð fallið fyrir skammri stundu því hann kenndi enn velgju í snjónum, hefði hann lent í flóðinu ef hann hefði vitjað fjár síns á venjulegum tíma. Er birti til sást að flóðið hafði klofnað í tvær kvíslar á hæð fyrir ofan bæjarhúsin, þar stóð ærhús sem sakaði ekki. Meginflóðið, um 200m breitt, fór norðan við bæinn niður á láglandi og stöðvaðist handan Unadalsár í botni Unadals.

Númer: 20214 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Unadalur. Við eyðibýlið Bjarnastaði.

Tími: 1925–1935

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 Staðs. á korti: p

Heimildir: Hjálmar Sigmarsson.

Athugasemdir: Engar frekari heimildir hafa fundist um þennan atburð.

Númer: 20215 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Unadalur. Við eyðibýlið Spáná.

Tími: 1925–1935

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 Staðs. á korti: p

Heimildir: Hjálmar Sigmarsson.

Athugasemdir: Engar frekari heimildir hafa fundist um þennan atburð.

Númer: 20216 **Tegund:** Krapaflóð

Staðsetning: Unadalur. Við Svínavallakot um 1 km framan (austan) Hólkots.

Tími: sept-nóv 1944

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 Staðs. á korti: p

Heimildir: Hjálmar Sigmarsson.

Athugasemdir: Um er að ræða tvö flóð sem féllu yfir túnið í Svínavallakoti og báru með sér aur og grjót inn á túnið..

Númer: 20217 **Tegund:** Krapaflóð

Staðsetning: Unadalur. Suðurhlíð Unadals framan (austan) Hólkots.

Tími: 1941–1998

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 Staðs. á korti: p

Heimildir: Hjálmar Sigmarsson.

Athugasemdir: Sjaldan falla flóð að sunnanverðu í Unadal, helst krapaflóð að hausti eða með hlýindum að vori.

Númer: 20210 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Hraunsdalur

Tími: 1930–2013

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 Staðs. á korti: p

Heimildir: Hjálmar Sigmarsson.

Lýsing: Upptök: Hæð yfir sjó: 650 m
Oftast upp undir fjallsbrún.

Athugasemdir: Flóðin falla nær árlega oftast úr NV-hlíð dalsins, eru misstór og ná stundum allt niður í Unadalsá.

Númer: 20211 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Árfjall

Tími: 1930–2013

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 Staðs. á korti: p

Heimildir: Hjálmar Sigmarsson.

Lýsing: Upptök: Hæð yfir sjó: 570 m
Oftast upp undir fjallsbrún.

Athugasemdir: Flóðin falla nær árlega og stundum oft á vetri. Oftast falla þau í Illagili beint á móti Hólkoti, eru misstór og ná mislangt fram á aukeiluna undir gilinu, talsvert grjót berst með flóðunum sem dreifst hefur yfir keiluna.

Númer: 20213 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Illagil í Árfjalli (Merkjagil). Stórt gil á móts við bæinn Hólkot.

Tími: 1979–1981

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Heimildir: Hjálmar Sigmarsson.

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Upptök: Hæð yfir sjó: 600 m
Upp undir fjallsbrún.

Tunga: Hæð yfir sjó: 95 m
Skammt sunnan Unadalsár.

Athugasemdir: Flóðið féll beint á móti Hólkoti, fór yfir Unadalsá og svæðið sem sumarbústaður stendur nú á (byggður 2002 á suðurbakka árinna) upp í miðja hlíð hólins sem Hólkot stendur á sunnan árinna og er stærsta flóð sem heimildir eru um úr Árfjalli (Illagili). Heimildamaður segir að fleiri stór flóð hafi fallið yfir Unadalsá.

Númer: 20212 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Illagil í Árfjalli (Merkjagil). Móts við bæinn Hólkot.

Tími: jan-mar 1999

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Heimildir: Hjálmar Sigmarsson.

Lýsing: Stærðarfl.: 3.5

Upptök: Hæð yfir sjó: 600 m

Upp undir fjallsbrún.

Tunga: Hæð yfir sjó: 90 m

Við Unadalsá.

Athugasemdir: Flóðtungan a.m.k. 200 m breið niður undir Unadalsá.

Númer: 20218 **Tegund:** Krapaflóð

Staðsetning: Unadalur. Suðurhlíð Unadals framan (austan) Hólkots.

Tími: apr-jún 1999

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 Staðs. á korti: p

Heimildir: Hjálmar Sigmarsson.

Athugasemdir: Tvö krapaflóð féllu í hlýindum um vorið.

Númer: 51119 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Hraunsdalur. Í norðanverðum Unadal.

Tími: 29–31.12.2012

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Fylgigögn: Ljósmynd/ir.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Sást í vettvangsferð 11. jan.

Sveinn Brynjólfsson. Sást í vettvangsferð 11. jan.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Upptök: Óglögg ummerki um brotstál að austanverðu í dalnum upp undir brún í um 700m hæð.

Tunga: Hæð yfir sjó: 115 m

Flóðtungan náði fram á aurkeiluna (Hraunsskriðu), kvísl úr flóðinu fór niður fyrir raflínu niður á tún.

Athugasemdir: Flóðið skoðað úr fjarlægð og sást ekki nákvæmur jaðar flóðtungunnar.

Númer: 51118 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Illagil í Árfjalli (Merkjagil). Stórt gil á mótis við bæinn Hólkot.

Tími: 29–31.12.2012

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Ljósmynd/ir.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Sást í vettvangsferð 11. jan.

Sveinn Brynjólfsson. Sást í vettvangsferð 11. jan.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Upptök: Hæð yfir sjó: 590 m Breidd: 180 m

Brotstál sást upp undir fjallsbrún.

Tunga: Hæð yfir sjó: 115 m

Flóðið breiddi úr sér á keilunni undir gilinu.

Númer: 20563 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Unadalur

Tími: 19/20.3.2013

Skráning: Teg. skýrslu: 10

Heimildir: Jökull Bergmann. Flaug í þyrlu yfir svæðið 20.3.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Upptök: SSV-vísandi hlíðar innarlega í dalnum.

Athugasemdir: Hellingur féll niður innarlega á Unadal í SSV-vísandi hlíðum.

Númer: 51310 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Illagil í Árfjalli (Merkjagil). Stórt gil á móts við bæinn Hólkot.

Tími: 19–21.3.2013

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Ónákvæm

Fylgigögn: Ljósmynd/ir.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Sá flóðið og myndaði 25.3.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Upptök: Sáust ekki.

Tunga: Hæð yfir sjó: 120 m

Athugasemdir: Flóðið breiddi úr sér á aurkeilunni undir gilinu en greinilegur jaðar flóðtungunnar sást ekki því snjóað hafði í flóðið.

Númer: 51309 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Árfjall. Vestan til í fjallinu á móts við bæinn Hólkot.

Tími: 19–21.3.2013

Athugasemdir: Enginu granda skriður og vatnsgangur. Hætt er fyrir snjóflóðum. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709).

Númer: 13538 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Brekknafjall. Garðaríki.

Tími: fyrir 1709

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV, Höfðastr. 1709.

Athugasemdir: Aðrir kostir og ókostir (skriður og snjóflóð) sem áður segir (Mannskaðahól). (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709).

Númer: 13534 **Tegund:** Grjóthrun

Staðsetning: Höfðaströnd

Tími: 11.9.1755

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, 1752–1757.

H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Lýsing: Upptök: Orsök: Jarðskjálfti. Jarðskjálfti.

Athugasemdir: Á undan því fór landskjálftinn, sem hristi allt Norðurland 11. september sama ár (1755).

Við vorum þá staddir á Höfðaströnd. Fyrstu kippirnir, 5 eða 6 að tölu, komu kl. 8 um morguninn, en fleiri og harðari kippir rétt fyrir kl. 9. Skriður féllu úr öllum fjöllum. Stórir klettur hröpuðu, en aðrir sprungu sundur. Það var guðs forsjón að þakka, að ekkert tjón varð á mönnum í landskjálftum þessum, þegar skriðurnar féllu í straumum niður úr fjöllum og ekki sást fyrir reykþoku, hverja stefnu björgin, sem niður hlíðarnar ultu höfðu (Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, 1752–1757).

Númer: 13540 **Tegund:** Grjóthrun

Staðsetning: Höfðaströnd. Þórðarhöfði.

Tími: 11.9.1755

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, 1752–1757.

H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Lýsing: Upptök: Orsök: Jarðskjálfti. Jarðskjálfti.

Athugasemdir: Á undan því fór landskjálftinn, sem hristi allt Norðurland 11. september sama ár (1755).

Úr Þórðarhöfða, sem eins og eyjar þessar er úr sandsteini, hrundu stórir klettur, og í hann komu djúpar sprungur. (Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, 1752–1757).

Númer: 11585 **Tegund:** Grjóthrun

Staðsetning: Höfðaströnd. Þórðarhöfði.

Tími: 2.6.1934

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Alþýðublaðið. 04.06.1934.

Morgunblaðið. 03.06.1934.

Sigurður Þórarinnsson 1937. Geogr. Ann 19, 232–277.

H.G.P. 1996. Skriðuannáll 1925–1950.

Lýsing: Upptök: Orsök: Jarðskjálfti. Dalvíkurskjálftinn.

Athugasemdir: Árið 1934 gekk mikil skjálftahrina um utanverðan Eyjafjörð sem vanalega er nefnd Dalvíkurskjálftinn. Hrinan hófst 2. júní með tveimur miklum skjálftum (kl. 13:43 og 14:54, 6.25 og 4.25 á Richter), en kippir komu af og til fram í miðjan ágúst.

Frá Málmei er símað, að þar hafi jarðhræring verið allmikil og hrundu björg úr Þórðarhöfða (Mbl. 03.06.). Í Málmei fannst hann einnig og var harður og snöggur, svo mikið hrapaði úr Þórðarhöfða (Aþb. 04.06.). Mikið hrun í Þórðarhöfða (Sigurður Þórarinnsson 1937).

Númer: 15298 **Tegund:** Grjóthrun

Staðsetning: Höfðaströnd. Þórðarhöfði.

Tími: 11.7.1964

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Morgunblaðið. 14.07.1964.

Lýsing: Upptök: Orsök: Jarðskjálfti.

Athugasemdir: Snarpur jarðskjálftakippur varð hér í Skagafirði um kl 5. á laugardag (mynni Skagafjarðar kl. 16:45 skv. Veðr. júlí). Ekki er vitað að sérstakir skaðar hafi hlotist af jarðskjálftanum nema hvað hrun sáust í Þórðarhöfða.

Númer: 11333 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Höfðaströnd. Vatn.

Tími: 23.5.1998

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: DV. 28.05.1998.

Feykir. 27.05.1998.

H.G.P. og H.E.J. 2000. Skriðuannáll 1995–1999.

Tjón: Stífla brast og rafstöð eyðilagðist.

Lýsing: Upptök: Orsök: Skr.: Áköf rigning með leysingu. Úrkoma og leysing.

Veður: Talsverð úrkoma var dagana 21.–23. þegar úrkomusvæði þokast austur yfir landið. Samhliða úrkomunni urðu töluverðar leysingar.

Athugasemdir: Ábúendur á Vatni á Höfðaströnd urðu fyrir miklu tjóni þegar aurskriða braut niður stíflu við uppistöðulón fyrir ofan bæinn og eyðilagði rafstöðina um hádegisbil sl. laugardag (23.05.). Mikil úrkoma hafði verið fyrir helgina og leysingin olli því að grjót og jarðvegur barst úr Gljúfurárgili, sem er nyrst í landi Vatns, eftir veituskurðinum í uppistöðulónið, fleiri hundruð metra leið og skolið inn í lónið með þeim afleiðingum að jarðvegur grófst undan steiptum stíflumannvirkjum og þau féllu síðan og molnuðu niður.

Númer: 14737 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Brekknafjall

Tími: 21.9.2004

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Þorsteinn Sæmundsson.

Lýsing: Upptök: Orsök: Skr.: Áköf rigning án leysingar. Mikil rigning.

Athugasemdir: Tekið var eftir smáspýjum í Brekkufjalli á Höfðaströnd, þessar spýjur byrjuðu að sjást í hlíðinni rétt norðan við Hofsós en hvurfu áður en komið var að Höfðavatni (uppl. Þorsteinn Sæmundsson, jarðfr. Náttúrustofa Norðurlands vestra, Sauðárkróki).

Númer: 13527 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Unadalur. Svínaveilir, Svínavallakot.

Tími: fyrir 1709

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Jarðab. ÁM og PV, Höfðastr. 1709.

Athugasemdir: Túninu granda skriður úr fjalli svo ekki er bæjunum óhætt. Engjarnar hefur Unadalsá mestallar afbrotið. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709).

Númer: 13528 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Unadalur. Bjarnastaðagerði.

Tími: fyrir 1709

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV, Höfðastr. 1709.

Athugasemdir: Hvað aðrir kostir þessa partsins eru, vide (eins og) Bjarnastaði, nema hvað hér er túninu miklu skriðuhættara. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709).

Númer: 13529 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Unadalur. Spáná.

Tími: fyrir 1709

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV, Höfðastr. 1709.

Athugasemdir: Túni og engjum granda skriður. Hætt er fyrir snjóflóðum og svo fyrir foröðum. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709).

Númer: 13530 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Unadalur. Bjarnastaðir.

Tími: fyrir 1709

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV, Höfðastr. 1709.

Athugasemdir: Jarðföll og skriður fordjaftar engið og svo snjóflóð og Unudalsá. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709).

Númer: 13531 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Unadalur. Hraun.

Tími: fyrir 1709

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV, Höfðastr. 1709.

Athugasemdir: Enginu grandar grjótskriður af þverá einni og Unadalsá. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709).

Númer: 13532 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Árfjall. Á.

Tími: fyrir 1709

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV, Höfðastr. 1709.

Athugasemdir: Engið fordjarfar snjóflóð og skriður. Hætt er kvikfé fyrir tjörn þeirri sem snjóflóð hefur gjört. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709).

Númer: 16023 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Unadalur. Grundarland.

Tími: 29–31.10.1858

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

Athugasemdir: Á Grundarlandi í Unadal hlupu býsna margar skriður sem skemmdu bæði bithaga og engjar (Ól. Jóns 1957).

Númer: 16024 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Unadalur. Bjarnastaðir.

Tími: 29–31.10.1858

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

Lýsing: **Upptök:** Orsök: Mikil hláka.

Athugasemdir: Á Bjarnastöðum í Unadal hlupu býsna margar skriður sem skemmdu bæði bithaga og engjar (Ól. Jóns 1957).

Númer: 16025 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Unadalur. Spáná.

Tími: 29–31.10.1858

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

Lýsing: **Upptök:** Orsök: Mikil hláka.

Athugasemdir: Á Spáná í Unadal hlupu margar skriður sem skemmdu bæði bithaga, engjar og tún (Ól. Jóns 1957).

Númer: 13522 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Brúarlandshlíð. Brúarland.

Tími: 1618

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Sjávarborgarannáll.
Skarðsannáll.

Fólk sem lenti í flóðinu: Látnir: 2, slasaðir: 1, ómeiddir: 0. Alls: 3

Tjón: Tvö börn fórust og eitt slasaðist.

Athugasemdir: Í Deildardal í Skagafirði hljóp ein skriða að fjórum börnum; hún náði tveimur, svo dóu, en lesti hið þriðja; það hið yngsta komst undan og heim til bæjarins; þau voru að smáralestri (Skarðsannáll). . . á Brúarlandi, þ.e. skriðan á að hafa fallið þar (Sjávarborgarannáll).

Númer: 13521 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Kambsfjall. Kambur.

Tími: fyrir 1709

Skráning: **Útlína:** Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV, Höfðastr. 1709.

Athugasemdir: Enginu grandar leirskriður úr fjalli. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709).

Númer: 13523 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Brúarlandshlíð. Brúarland.

Tími: fyrir 1709

Skráning: **Útlína:** Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV, Höfðastr. 1709.

Athugasemdir: Túninu grandar fjallskriður og snjóflóð og þó engjum enn frammar, og er árlega hætt við að sá skaði vaxi. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709).

Númer: 13526 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Grindaskálar. Grindur.

Tími: fyrir 1709

Skráning: **Útlína:** Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV, Höfðastr. 1709.

Tjón: skógareyðing.

Athugasemdir: Skógur, sem að fornu fari var, er gjörsamlega eyddur fyrir skriðum. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709).

Númer: 13524 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Skuggabjargafjall. Brúarland.

Tími: fyrir 1839

Skráning: **Útlína:** Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins Miklabæjar og Viðvíkursóknir, 1839.

Athugasemdir: Brúarland í Deildardal varð útlögð fyrir prestsetur 1765 vegna heyskapar og landkosta, sem þá þóttu í betra lagi. Nú (1839) er fjallið allt umrótað af skriðum, snjóflóðum og grjóthruni, svo þar er engi sárlítið og fer síminnkandi og skammt til, að jörðin ekki lengur verði byggileg (Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins Miklabæjar og Viðvíkursóknir, 1839).

Númer: 13525 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Brúarlandshlíð. Brúarland.

Tími: fyrir 1847

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Johnsens jarðatal, 1847.

Athugasemdir: Engi er hér stórskemmt og liggur við eyðileggingu af skriðum. (Johnsens Jarðatal, 1847).

Númer: 16022 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Brúarlandshlíð. Brúarland.

Tími: 29–31.10.1858

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

Athugasemdir: Margar skriður hlupu á Brúarlandi í Deildardal. Skemmdu þær mikið af bithaga og engi (Ól. Jóns 1957).

Númer: 13515 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Kolbeinsdalur. Bakki.

Tími: um 1390

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Heimildir: Árbók FÍ. 1946.

Byggðasaga Skagafjarðar VI, 2011. Hjalti Pálsson.

H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Athugasemdir: Utan við Skriðuland heitir Bakkaskriða. Þar á Kolbeinn landnámsmaður að hafa búið, á Bakka. Seinna féll skriða á bæinn. Þetta eru munnmæli ein. Hitt þykir sýnt, að það hefur hrunið úr fjallinu yfir byggingar og mannvirki (Árbók FÍ, 1946).

Einhver líklegasta landnámsjörð í Kolbeinsdal er Skriðuland en seinni tíma munnmæli hafa einnig nefnt jörðina Bakka sem var á svæðinu milli Skriðulands og Saurbæjar, en í núverandi landi Skriðulands. Þar heiti enn Bakkaskriðugil og Bakkaskriða, framhlaup úr gilinu. Staðfest heimild er til um jörðina Bakka í ráðsmannsreikningi Hólastóls frá árinu 1388, talin upp í bæjarröðinni milli Skriðulands og Saurbæjar. Bakki í Kolbeinsdal kemur hvergi við heimildir eftir þetta. Hann er hvorki að finna í jarðaskrá Stólsins frá 1449 né síðan. Má hugsa sér að Bakki hafi eyðst í skriðuföllum haustið 1390 en klárlega er hann kominn í eyði 1449. Út og niður undan gilkjaftri Bakkaskriðugils, um 100 m fyrir ofan götur, en upp við lynggróna skriðufyllu er talsverð hæð eða smáhóll með greinilegum mannvirkjum þar sem mótar vel fyrir grjóthleðslum. Skriða hefur hlaupið alveg niður að hólnum og stöðvast 4–5 m frá bæjarvegg. Um 10 m fyrir neðan sést móta fyrir garðsstubbi. Er hann þar mjög sokkinn. Sunnan við tóftahólinn heldur hann áfram uns hann hverfur undir skriðuna. Þetta virðist brot af vallargarði. Um 50 m suður og upp er framhluti húsatóftar í viki inn í skriðuna. Efri hlutinn hefur farið undir skriðu. Séu hér bæjarhús Bakka er ljóst að bærinn hefur staðið neðst í túni, skammt ofan við vallargarðinn en efri hluti túnsins allur farið undir hlaupið (Hjalti Pálsson (ritstj.) 2011. Byggðasaga Skagafjarðar VI. Bindi Hólahreppur).

Númer: 15882 **Tegund:** Grjóthrun

Staðsetning: Kolbeinsdalur. Skriðuland.

Tími: fyrir 1700

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Örnefnaskrá Kolbeinsdals.

Athugasemdir: Skammt sunnan við Selskál verður grunnt gil sem nefnist Bræðragil. Dregur það nafn af tveimur klettadröngum hvorum gegnt öðrum, annar sunnan við gilið en hinn að utan. Munu þeir nú vera hrundir, annar eða báðir.

Númer: 13510 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Kolbeinsdalur. Fjall.

Tími: fyrir 1709

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Jarðab. ÁM og PV, Hólahr. 1709.

Athugasemdir: Túninu granda leirskriður úr brattlendi og er ávallt hætt við þeim skaða. Hætt er bæði bæ og kvikfé fyrir snjóflóðum. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hólahreppur 1709).

Númer: 13511 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Kolbeinsdalur. Bjarnastaðir.

Tími: fyrir 1709

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Jarðab. ÁM og PV, Hólahr. 1709.

Athugasemdir: Túninu og engjum spilla skriður úr fjalli. Hætt er fyrir snjóflóðum. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hólahreppur 1709).

Númer: 13512 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Kolbeinsdalur. Kaldárkot.

Tími: fyrir 1709

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Byggðasaga Skagafjarðar VI, 2011. Hjalti Pálsson.

H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Jarðab. ÁM og PV, Hólahr. 1709.

Athugasemdir: Hefur að fornu býli verið og er af skriðum eyðilagt og því ómögulegt aftur að byggja. Hafa Bjarnastaðamenn grasið svo sem sinn eginn haga fyrir manna minni (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hólahreppur 1709).

Nokkuð hundruð metrum (65°46'490/19°02'770) utan við Kaldá á grónum, smápýfðum skriðugrundum finnast minjar um bújörð.

Ofan við tóftina sést enginn garður en greina má uppgróna skriðu sem fallið hefur nánast alveg niður að tóftinni og stöðvast þar. Virðist ljóst að skriður hafa fallið á efsta hluta túnsins og kaffært vallargarðinn á löngum kafla, þeim sem snúið hefur upp að hlíðinni, en skriðutaumar runnið niður á túnið.

Annar garðbútur er talsvert fyrir framan, líklega um 100 m á lengd eða rúmlega það. Liggur hann neðan frá mýrinni upp eftir grundunum, mjög greinilegur, sveigir út og upp í átt að fyrr nefndum tóftum og hverfur. Elsti hluti hans myndar þrep í landinu þar sem skriður hafa fyllt upp að honum að ofanverðu. Önnur tóft nokkuð hringlaga liggur við neðsta hluta suðurgarðsins.

Fleiri tóftir eru ekki sjáanlegar innan þessa gerðis enda líklegt að einhver hús hafi grafist undir skriðum þeim sem flotið hafa yfir garðinn, niður á túnið ofan og framan við fyrr nefndu tóftina sem gæti hugsanlega verið af bæjarhúsum en bærinn kann einnig að hafa kaffærst undir skriður.

Á túnstæðinu eru grónar skriðubreiður og taumar. Jarðabókin segir Kaldárkot hafa eyðst af skriðuföllum. Ljóst er að hér hefur bújörð eyðst af skriðu í framanverðum Kaldárhjúki en óvíst hvenær (Hjalti Pálsson 2011).

Númer: 13513 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Kolbeinsdalur. Skriðuland.

Tími: fyrir 1709

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV, Hólahr. 1709.

Athugasemdir: Túninu granda fjallskriður en enginu Kolbeinsá. Hætt er við snjóflóðum. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hólahreppur 1709).

Númer: 13516 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Kolbeinsdalur. Saurbær.

Tími: fyrir 1709

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV, Hólahr. 1709.

Athugasemdir: Engjar eru mjög skemmdar af skriðum og þó enn nú hjálplegar. Hætt er fyrir snjóflóðum, svo að það hefur sett bæjarmenn í lífsháska, það hefur og eyðilagt fjárhúsin að fornu. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hólahreppur 1709).

Númer: 13517 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Kolbeinsdalur. Sviðningur.

Tími: fyrir 1709

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV, Hólahr. 1709.

Athugasemdir: Vatnsgangur úr brattlendi grandar túni og engjum og hvergi óhætt fyrir skriðum. Hætt fyrir snjóflóðum og falla þau þrálega. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hólahreppur 1709).

Númer: 13519 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Kolbeinsdalur. Smiðsgerði.

Tími: fyrir 1709

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV, Hólahr. 1709.

Athugasemdir: Túninu grandar vatn, en skriður engjum. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hólahreppur 1709).

Númer: 13397 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Kolbeinsdalur

Tími: 1.11.1727

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Mælifellsannáll.

Athugasemdir: Skriða féll í Kolbeinsdal í stórrigningum á allraheillagramessu (1. nóv.) 1727.

Númer: 15883 **Tegund:** Jarðvegsskriða

Staðsetning: Kolbeinsdalur. Sleitustaðir.

Tími: fyrir 1800

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Örnefnaskrá Kolbeinsdals.

Athugasemdir: Sunnan við Sleitu, upp sunnan við Álfaborg, er grasigróið jarðfall, sem nefnist Efracfall. Nær það ofan að allstórum hól, sem heitir Jötuhóll. Er það tilgáta mín að við Jötuhól hafi jarðfallið stöðvast að mestu. Þó heitir Neðrafall niður frá Jötuhól (Örnefnaskrá Kolbeinsdals).

Númer: 16001 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Kolbeinsdalur. Bjarnastaðir.

Tími: 2.6.1805

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

Athugasemdir: Einna mest var þó skriðufallið á Bjarnarstöðum í Kolbeinsdal, þar hljóp fyrir og í kringum allt túnið áðurnefndan 2. júní. Fólk skaðaði ekki. Á Fjalli og Bjarnarstöðum mun hafa tekið meira en þriðjung af túni, engjum og bithaga. Fjall stóð gegnt Bjarnarstöðum, hinum megin við Kolbeinsdalsá og má vel vera að sama skriðan hafi skemmt lönd beggja bæanna, þar sem þau liggja saman.

Númer: 13518 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Kolbeinsdalur. Sviðningur.

Tími: fyrir 1843

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins Hóla og Viðvíkursóknir, 1843.

Athugasemdir: Fjallið ofan bæjarins er bratt, klettótt og skriðuhætt (Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins Hóla og Viðvíkursóknir, 1843).

Númer: 16017 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Kolbeinsdalur. Saurbær.

Tími: 29–31.10.1858

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

Athugasemdir: Gunnlaugur á Skuggabjörgum segir að skriður hafi hlaupið og skemmt mikil slægjulönd á Saurbæ í Kolbeinsdal (Ól. Jóns 1957).

Númer: 16018 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Kolbeinsdalur. Sviðningur.

Tími: 29–31.10.1858

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

Athugasemdir: Gunnlaugur á Skuggabjörgum segir að skriður hafi hlaupið og skemmt mikil slægjulönd á Sviðningi í Kolbeinsdal (Ól. Jóns 1957).

Númer: 16019 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Kolbeinsdalur. Smiðsgerði.

Tími: 29–31.10.1858

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

Athugasemdir: Gunnlaugur á Skuggabjörgum segir að skriður hafi hlaupið og skemmt mikil slægjulönd á Smiðsgerði (Ól. Jóns 1957).

Númer: 16021 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Þúfnagil. Þúfur.

Tími: 29–31.10.1858

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

Athugasemdir: Ein skriða hljóp á Þúfur í Óslandshlíð tók nokkuð af túni en miklu meira af engi (Ól. Jóns 1957).

Númer: 16016 Tegund: Aurskriða

Staðsetning: Kolbeinsdalur. Skriðuland.

Tími: 31.10.1858

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Annáll 19. aldar.

Byggðasaga Skagafjarðar VI, 2011. Hjalti Pálsson.

H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Norðri. 24.12.1858.

Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

Tjón: Mikla skemmdir á mannvirkjum og landi. Íbúðarhús og gripahús eyðast auk þess sem töluvert af búpeningi drepst.

Lýsing: Upptök: Orsök: Mikil hláka.

Athugasemdir: Að morgni 31. okt. 1858 féll skriða á bæinn Skriðuland í Kolbeinsdal í mikilli asahláku eftir snjókomu sem gert hafði í byrjun mánaðarins og hlaðið hafði niður miklu snjómagni.

Bóndinn á Skriðulandi var nýkominn út þegar hann sá að stór skriða tók sig upp í fjallinu langt fyrir norðan bæinn og stefndi á nokkur hross hans. Þessi skriða klauf sig ofan við hrossin svo þau sakaði ekki. Fór hann þegar að sækja hrossin, en þegar hann lagði af stað með þau í átt til bæjarins féll stór skriða norðan til á túnið. Í sama bili tók sig upp afarmikil skriða sunnan bæjarins og stefndi hún nálægt þremur hrossum er þar voru.

Skömmu síðar hljóp fram skriða er stefndi á sjálfan bæinn. Voru þá fólkið og börnin á bænum klædd og komin út og suður fyrir bæjarhlaðið. Þegar fólkið sá skriðuna flúði það í fjárhús suður og niður á túninu, en þar var ekki öruggt svo að seinna leitaði það skjóls grjótbyrgi nokkru.

Þessi skriða tók helmínginn af ærhúsaheyinu, skyldi eftir tvö stór björg í tóftinni og hið þriðja í tóftardyrum, og hratt heyinu sem eftir var, ásamt veggnum fram á húsinn. Sama skriða klauf sig um fjósið, sleit upp tvær hurðir og hálfyllti það með aur og leðju, svo með öllu var óaðgengilegt að ná þaðan nautgripum.

Bóndinn hafði nú snúið inn í bæinn til að ná einhverjum mat handa fólkinu og börnunum en þegar hann var á leiðinni þaðan og aftur til fjárhússins sem fólkið var flúið í, sá hann hvar einhver hin stærsta skriðan tók sig upp í fjallinu. Stefndi hún á fjárhúsið og fleiri hús er stóðu á túninu. Kallaði hann þá að menn skyldu forða sér lengra suður á grundina og í grjótbyrgið.

Þessi stóra skriða tók fyrst tvö hús sem ofar stóðu með heyi og 45 sauðkindum sem inni voru og tvö hesthús með heyinu sem við þau var. Hallaði sér síðan til norður og náði sjálfum bænum. Umturndi hún í einu veffangi baðstofu nýbyggðri, smiðju sem stóð langt frá búi, eldhúsi og bæjargöngum.

Eftir þetta tók bóndi til við að flytja fólkið yfir Kolbeinsá, sem var í ægilegum vexti, og að bænum Fjalli. Alls voru þetta 11 manns með honum sjálfum, þar af 8 börn yngri og eldri. Seinna um daginn flúði svo fólkið áfram yfir í Hjaltadal.

Ábúendur á Skriðulandi misstu þarna flesta innanstokksmuni, flest peningshús með heyjum tók af með 45 sauðkindum, en ám, nautgripum og hrossum var bjargað. Urðu þau að bregða búi og flytja búferlum yfir í Hjaltadal.

Skriðurnar sem féllu þarna, þennan morgun í Kolbeinsdalnum virðast hafa fallið ört og þétt. Á meðan bóndi er að reyna að bjarga fólki og fénaði falla ekki minna en fimm stórskriður í Skriðulandslandi. Eitthvað mun þó hafa verið fallið áður og skriður féllu víðar í Kolbeinsdal þennan dag.

Í dag sjást enn ummerki um þessi skriðuföll. Um 250 m út og upp frá bæjarstæði Skriðulands rís allstór höll sem heitið Garðmelur. Landið sunnan við Garðmel hefur meira og minna farið undir skriður á 100–200 m breiðu svæði þar hefur Skriðulandsbærinn trúlega verið fram til

1858. Á þessari uppgrónu skriðu, aðeins ofar en Garðmelur, svo sem 100 m sunnar, eru veggja-leifar í skriðunni (65°46'385/19°06'450). Sunnar í skriðuvængnum eru tóftir tvöfaldrá fjárhúsa (65°46'370/19°06'340) sem skriða virðist hafa fallið upp að á sínum tíma. Fáeinum metrum utar og neðar er stórgrýti sem kann að vera í tóft (65°46'368/19°06'360). Skráð er í frásögunum af skriðuföllunum 1858 að stórir steinar hafi stöðvast í heytóft og tóftardyrum ærhúsins. Framar og ofar má sjá hvar gamli túngarðurinn kemur framan frá og sést ekki meir þar sem skriðurnar hafa farið.

— — — — —

Númer: 16020 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Kolbeinsdalur. Fjall.

Tími: 31.10.1858

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Byggðasaga Skagafjarðar VI, 2011. Hjalti Pálsson.

Norðri. 24.12.1858.

Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

Athugasemdir: Á Fjalli, sem er næsti bær hinu megin í dalnum gegnt Skriðulandi, tóku skriður að hlaupa fram þegar áleið daginn. Og um kvöldið hljóp ein þeirra, býsna breið ofan á túnið milli fjóss og bæjar og þá flúðu heimamenn og fólkið frá Skriðulandi yfir í Hjaltadal (Norðri 24.12.1858).

Fjall var heldur ekki aldeilis útundan, einkanlega túnið. Tvær komu þar skriður. Önnur tók sunnan af túninu góðan part og fór ofan í mýri. Hin kom rétt ofan að bænum en sú var kraftminni. Rann úr henni leir og sandur ofan milli fjóss og bæjar. (Hjalti Pálsson (ritstj.) 2011. Byggðasaga Skagafjarðar VI. Bindi Hólahreppur - úr bréfi Ásgríms Árnasonar í Neðra Ási 25. jan. 1859).

— — — — —

Númer: 16074 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Kolbeinsdalur. Bjarnastaðir.

Tími: 1–3.10.1887

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Norðurljósið. 25.11.1887.

Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

Athugasemdir: Í Kolbeinsdal féll skriða í Bjarnastaðalandi og gjörði landspell allmikil. (Norðurljósið 25.11.1887).

— — — — —

Númer: 15881 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Kolbeinsdalur. Bjarnastaðir.

Tími: um 1900

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Sunnudagsblað Tímans. 18.08.1968.

Athugasemdir: Enn má nefna Bjarnastaði. Ábúð þar var lögð niður 1895. Nokkrum árum seinna féll skriða yfir stóran hluta af túninu þar (Sunnudagsblað Tímans 1968).

Númer: 13499 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Kálfsstaðahnjúkur. Hjaltadalur, Hrafnstaðir (Settutóftir).

Tími: fyrir 1709

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV, Hólahr. 1709.

Athugasemdir: Settutóftir, segja menn að hér hafi að fornu hjáleiga verið (frá Hrafnstöðum). Ekki má hér aftur byggja, því að bæði skortir hey og haga, sem skriður hafa spilt. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hólahreppur 1709).

— — — — —

Númer: 13500 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Ytri-Hvammshnjúkur. Hjaltadalur, Hrafnhóll.

Tími: fyrir 1709

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV, Hólahr. 1709.

Athugasemdir: Túnið fordjarfar skriðufall árlega meir og meir, og veit aldrei nær en það eyðileggi jörðina. Engi má ekki telja. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hólahreppur 1709).

— — — — —

Númer: 13501 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Syðri-Hvammshnjúkur. Hvammur.

Tími: fyrir 1709

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV, Hólahr. 1709.

Athugasemdir: Túni og engjum spilla skriður úr fjalli svo stórmeið er að og enn að auki Hjaltadalsá. Ekki er óhætt fyrir snjóflóðum og ekki fyrir foröðum. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hólahreppur 1709).

— — — — —

Númer: 13503 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Reykjahnjúkur. Reykir.

Tími: fyrir 1709

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Halldór G. Pétursson 1998. Skriðuhætta við Reyki, Hjaltadal í Skagafirði. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-98004.
Jarðab. ÁM og PV, Hólahr. 1709.

Athugasemdir: Túnið hefur spillt af fjallskriðu og svo engið til forna. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hólahreppur 1709).

Þegar nánar er skoðað má sjá greinileg, en uppgróin ummerki um þessa skriðu innan við Reyki. Þarna hefur greinilega sprungið fram tiltölulega stór fylla úr brún hjalla eða halls í fjallsrótum og dreifst yfir sléttlendið neðan við. Ekki er eingöngu að jarðvegur hafi sprungið utan af hjallanum, heldur hefur skriðan rífið með sér efni úr innviðum hans, en hann er líklega fyrst og fremst gerður úr jökulruðningi. Fyllan sem sprakk út úr hjallanum hefur verið stórgrýtt og hefur efni frá henni dreifst nokkuð langt niður eftir sléttlendinu neðan við og í átt að Hjaltadalsá. Grjóti úr skriðunni

hefur verið safnað saman í hauga við túnrætur en auk þess finnst leir og grjótlag víða ofarlega í skurðum niður undan örinu.

Upp á hjallanum ofan við skriðuörið er þurrlegt og virðist sem jarðvegur þar hafi einhvern tíma verið mýrlendur, en þornað upp. Engar uppsprettur sáust utan í örinu, en neðan við það er blautt og er greinilegt að nokkuð vatn kemur þarna undan hjallanum.

Innan við skriðuörið er lítill farvegur, sem nefnist Nýjuskriðulækur og eru þar innri mörk skriðunnar. Ytri mörk skriðunnar eru ekki eins greinileg. Þau munu hafa verið við jaðrar fornra bæjarrústa sem stóðu á túninu, en úr þeim hefur nú verið jafnað.

Aldur þessa skriðufalls er óþekktur, en ekki er ósennilegt að það sé frá 16. eða 17. öld. Þá féll fjöldinn allur af skriðum, sem er getið er um bæði í Jarðabókinni og í annálum. Hugsanlega má ákvarða aldur skriðunnar með því að kanna afstöðu öskulaga frá sögulegum tíma til leir og grjótlagsins í skurðunum (Halldór G. Pétursson 1998).

Númer: 13505 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Hólabyrða. Hólar.

Tími: fyrir 1709

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV, Hólahr. 1709.

Athugasemdir: Grjótuppgangur spillir og svo túni. Enginu spilla skriður. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hólahreppur 1709).

Númer: 13506 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Hólabyrða. Hólar.

Tími: 1.11.1727

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Mælifellsannáll.

Veður: Stórviðri með rigningu.

Athugasemdir: Á allraheilagramessu var stórviðri með rigningu. Hjóp skriða í Hólabyrðu um tvö hundruð faðma breið og lenti í síkjunum fyrir sunnan staðinn.

Númer: 13502 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Syðri-Hvammshnjúkur. Hvammur.

Tími: fyrir 1843

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins Hóla og Viðvíkursóknir, 1843.

Athugasemdir: Mjög hafa skriður spillt landi á Hvammi (Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins Hóla og Viðvíkursóknir, 1843).

Númer: 13504 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Reykjahnjúkur. Reykir.

Tími: fyrir 1843

Skráning: **Útlína:** Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins Hóla og Viðvíkursóknir, 1843.

Athugasemdir: Mjög hafa skriður spillt landi á Reykjum (Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins Hóla og Viðvíkursóknir, 1843).

Númer: 13400 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Hólabyrða. Hólar.

Tími: 1–3.10.1887

Skráning: **Útlína:** Óviss

Heimildir: Byggðasaga Skagafjarðar VI, 2011. Hjalti Pálsson.

Athugasemdir: Um haustið 1887 féllu miklar aurskriður á engjar jarðarinnar úr Hólabyrðu og í Hag-anum og skemmdir urðu af vatnsgangi og leirburði úr Hjaltadalsá. Voru þessar skemmdir tveimur árum síðar metnar 1/18 af nytjum jarðarinnar (Hjalti Pálsson (ritstj.) 2011. Byggðasaga Skaga-fjarðar VI. Bindi Hólahreppur).

Númer: 10466 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Hagafjall. Hagakot.

Tími: 18.3.1955

Skráning: **Útlína:** Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

H.G.P. 1992. Skriðuannáll 1951–1970.

Tjón: Eyðilagði 1 hektara af túni.

Lýsing: **Tunga:** Meðalbreidd: 100 m

Athugasemdir: Skriða hljóp úr Hagafjalli í Hjaltadal niður á Hagakot, gamalt eyðibýli sem liggur undir Hóla. Skriðan var um 100 m breið, þar sem hún breiddi úr sér og eyðilagði um 1 ha af túni. Í skriðunni var mikill aur og sandur, en einnig nokkuð stórgrýti.

Númer: 10512 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Hagafjall. Hagakot.

Tími: 5/6.11.1956

Skráning: **Útlína:** Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

H.G.P. 1992. Skriðuannáll 1951–1970.

Lýsing: **Upptök:** Orsök: Rigning.

Athugasemdir: Um líkt leyti féllu miklar skriður úr Hagafjalli í Hjaltadal framan við Hagakot. Hlupu sumar alveg niður í Hjaltadalsá. Upptök margra þessara skriðufalla voru í klettarákum hátt í fjalli, en þær breiddu úr sér er neðar dró og báru niður mjög mikið af aur og grjóti og eyddu miklu graslandi. Fé var á dalnum, er þetta varð, en fjártjón mun ekki hafa orðið teljandi. Skriður þessar voru illfærar fénaði vegna stórgrýtis.

Númer: 10571 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Kálfsstaðahnjúkur

Tími: 13.11.1961

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. 1992. Skriðuannáll 1951–1970.

Þjóðviljinn. 15.11.1961.

Tjón: Skemmdir á vegi.

Lýsing: **Upptök:** Orsök: rigning.

Athugasemdir: Miklar vegaskemmdir og skriðuföll urðu á vestanverðu landinu þ. 13. nóv. Vestan til á Norðurlandi urðu einnig nokkrar vegaskemmdir t.d. Féllu skriður á veginn að Hólum í Hjaltadal. Þarna var um að ræða gamla bílveginn heim að Hólum, sunnanmegin í dalnum undir Kálfsstaðahnjúki.

Númer: 10751 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Hólabyrða. Hólar.

Tími: 23.6.1974

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Morgunblaðið. 25.06.1974.

H.G.P. 1991. Skriðuannáll 1971–1990.

Lýsing: **Upptök:** Orsök: Leysing.

Veður: Sólskin og steikjandi hiti, sennilega mikil leysing í fjöllum.

Athugasemdir: Á þjóðhátíð Skagfirðinga var afhjúpaður minnisvarði um Guðmund góða. Þá féll skriða í Hólabyrðu. Töldu sumir þetta jarðteikn.

Númer: 11096 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Hjaltadalur. Nautabúsdalur, Nautabú, Kjarvalsstaðir.

Tími: 30.5.1994, 7:30–8

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Dagur. 31.05.1994.

Morgunblaðið. 31.05.1994.

Ríkisútvarpið. 30.05.1994.

Sigurjón Páll Ísaksson 2001. Skagfirðingabók 27.

H.G.P. 1995. Skriðuannáll 1993–1994.

Tjón: Tún skemmdust, 4 lömb dráput og vegurinn fór í sundur. Lokaði vegi.

Lýsing: **Upptök:** Orsök: Skr.: Mikil leysing. Mikil uppsöfnuð úrkoma á norðurlandi.

Veður: Stórrigning var um allt vestanvert landið og á Norðurlandi þ. 29. og sumstaðar rigndi sem svaraði allri mánaðarúrkomunni í maí á einu bretti. Víða Norðanlands var sem skýfall úr suðvestanátt og varð af þessu úrhelli asahláka og miklar leysingar. Tiltölulega laus sjór sem fallið hafði í páskahreti bráðnaði mjög hratt. Af þessum orsökum urðu miklir vatnavextir, flóð og skriðuföll. Urðu víða miklar vegaskemmdir, m.a. tók af brúna á Stóru-Giljá í Húnavatnssýslu, þannig að þjóðvegur 1 rofnaði og vegasambandslaust var á milli Reykjavíkur og Akureyrar um nokkurn tíma.

Athugasemdir: Sunnudaginn 29. maí 1994 rigndi mikið á Norðvesturlandi, einkum í Skagafirði og Húnavatnssýslum. Þá var enn mikill snjór til fjalla. Varð af þessu öllu asahláka og mikill vöxtur í ám og lækjum, svo sums staðar keyrði fram úr hófi.

Smemma morguns (milli kl. 7:30 og 8:00) féll gífurlegt aurflóð úr gili Nautabúsár í Hjaltadal, yfir tún og land bæjanna Nautabús og Kjarvalsstaða. Fjögur lömb fórust í skriðunni og auk þess skemmdi hún veginn og lokaði honum.

Upptök skriðunnar voru ofantil í vestanverðum Kálfsstaðahnjúk í Nautabúsdal, í dalnum utanverðum, skammt innan við Rauðsgil, sem er á dalnum miðja vegu milli Hálsbrúnar og Breiðdalsár. Upptök skriðunnar voru allmikið bogmyndað brotsár í um 550–600 m hæð, neðst í því sem virðist vera bunki eða hjalli af lausum jarðlögum efst utan í fjallshlíðinni. Skiðan féll fyrst niður hlíðina og í Nautabúsárgil sem þar er í um 330 m hæð. Meginskriðumassinn hafnaði í Nautabúsárgilinu og hálfyllti það, en krafturinn var það mikill að bylgjan kastaðist upp á gilsbrúnina á móti. Flest bendir til að aurskriðan hafi verið svo þunnfljótandi að hún hafi sjálft hlaupið af stað niður gilið, í beinu framhaldi af því að hún féll. Hugsanlegt er að eitthvert vatn hafi safnast fyrir í gilinunni ofan við skriðuna, en það er þó frekar ólíklegt því að engin merki sáust um slíka vatnssöfnun.

Út úr gilinunni í dalkjafninum ruddist skriðan sem um 20 m há flóðbylgja og dreifðist yfir aurkeilu Nautabúsár, þar sem tún og beitiland Nautabús og Kjarvalsstaða eru, og endaði niðri í Hjaltadalsá í um 110 m hæð. Alls er vegalendin frá Rauðsgili niður í Hjaltadalsá um 3,5 km.

Áin bar aur og grjót yfir um 500 m stórt svæði sem fyllti m.a. farveg árinna. Aurflóðið bar með sér talsvert af stórgryti og voru sumir steinarnir ótrúlega stórir. Sá langstærsti var ofan til á eyrunum og mældist 12 m í ummál og tæplega 2 m hár. Annar allhár var nokkru neðar. Eðlisþungi leðjunnar hefur því verið svo mikill að grjótið hefur hálf flotið. Auk þessa bar aurflóðið fram mikið af frosnum jarðvegshnausum sem hljóta hafa verið ættaðir úr skriðusárinu í Kálfsstaðahnjúk.

Þá er þess getið að ekki hafi verið mikið vatn í Nautabúsánni fyrst eftir hlaupið en síðar kom talsverður vöxtur í hana.

Númer: 55239 **Tegund:** Skriða

Staðsetning: Hofstaðafjall. Ofan Svaðastaða.

Tími: Aðfaranótt 13.8.2019

Skýrslu skráði: Brynjólfur Sveinsson **Teg. skýrslu:** 10 **Fylgigögn:** Ljósmynd/ir.

Heimildir: Brynjólfur Sveinsson. Sá skriðuna og myndaði 5. sept.
Friðrik Ingólfur Helgason.

Tjón: Hestar fældust við hávaðann og slitu girðingar.

Lýsing: **Upptök:** Hæð yfir sjó: 610 m

Efst í brattri frambrún stalls rúmlega 200 hæðarmetrum undir fjallsbrúninni.

Tunga: Hæð yfir sjó: 460 m

Á stalli undir hlíðinni.

Athugasemdir: Skriðurnar voru tvær og féllu með nokkurra metra millibili í brattri, gróðurlítilli hlíð. Nokkrar fleiri litlar jarðvegs- og aurskriður féllu á sama tíma yst í Blönduhlíð í Hjaltastaðafjalli og Axlarhagahnjúki, Þessar skriður féllu í myrkri aðfaranótt 13.8.

V Langsnið brauta

Teikningar af langsniðum brauta fylgja hér á eftir tvær og tvær á síðu. Hver teikning sýnir landhæð og landhalla og niðurstöður α/β -líkans (sjá viðauka I). Líkleg upptök snjóflóða eru merkt með stjörnu og bókstafnum „u“, sk. β -punktur með tákni og bókstafnum „b“, α -punktur með með bókstafnum „a“ og punktarnir $\alpha + 2\sigma$, $\alpha + \sigma$, $\alpha - \sigma$ og $\alpha - 2\sigma$ með táknum „<“, „>“, og „>>“ (sjá nánari skýringar í viðauka I). Lóðréttar örvar tákna viðmiðunarpunkt fyrir hættumatsútreikninga sem er yfirleitt íbúðarhús.

Langsnið nr.	Nafn	Farvegur
1	trfl01aa	Þrasastaðir, frá fjallsbrún
2	trfl02aa	Þrasastaðir, frá Stíflubrunum
3	trfl03aa	Deplar, frá fjallsbrún
4	trfl04aa	Deplar, frá Stíflubrunum
5	trfl05aa	Deplar, Hamarshyrna
6	trfl99aa	Litli-Lundur og Stíflurétt
7	trfl06aa	Lundur (eyðibýli)
8	trfl07aa	Reykjarhóll
9	trfl98aa	Hraun í Fljótum
10	trfl08aa	Stóra-Þverá, frá Brekkudölum
11	trfl09aa	Stóra-Þverá, frá fjallsbrún
12	trfl10aa	Stórabrekka
13	trfl11aa	Minni-Reykir og Stóru-Reykir
14	trfl12aa	Austari-Hóll
15	trfl14aa	Syðsti-Mór
16	trfl13aa	Mið-Mór
17	trfl15aa	Móskógar (eyðibýli)
18	trsl21aa	Miðhólgil
19	trsl20aa	Arnarstaðir
20	trhs25aa	Mannskaðahóll
21	trhs26aa	Mýrakot og Víðilundur
22	trhs27aa	Litla-Brekka
23	trhs28aa	Litla-Brekka, sunnan bæjar
24	trhs29aa	Þrastarstaðir
25	trhs30aa	Engihlíð
26	trhs31aa	Hugljótsstaðir
27	trhs32aa	Ljótsstaðir
28	trun35aa	Hólkot
29	trun36aa	Hólkot, Ennishnjúkur
30	trde40aa	Grindur frá Grindaskál
31	trde41aa	Grindur frá fjallsbrún
32	trde42aa	Brúarland
33	trde43aa	Eyjarland
34	trde98aa	Utan við Háakamb á milli Eyjarlands og Kambs
35	trde44aa	Skuggabjörg

Framhald

Langsnið nr.	Nafn	Farvegur
36	tros50aa	Brekkukot
37	tros51aa	Marbæli
38	tros52aa	Kross
39	tros53aa	Púfur
40	tros54aa	Stóragerði
41	tros55aa	Miklibær
42	tros56aa	Sleitustaðir
43	tros57aa	Smiðsgerði
44	tros97aa	Smiðsgerðisgil
45	trhj60aa	Hólar
46	trhj61aa	Hof
47	trhj96aa	Sunnan Reykja
48	trhj62aa	Reykir
49	trhj63aa	Hvammur
50	trhj64aa	Múli

















































